



AMAROQ MINERALS LTD.

100 King Street West, Suite 3400,
1 First Canadian Place,
Toronto, Ontario, M5X 1A4, Canada

TILKYNNING UM AÐALFUND OG AUKAFUND HLUTHAFA

HÉR MEÐ TILKYNNIST að aðalfundur Amaroq Minerals Ltd. („**fyrirtækið**“) og aukafundur hluthafa þess fer fram sem fjarfundur á <https://meetnow.global/MV4QMWP> föstudaginn 13. júní 2025 kl. 10:00 að staðartíma í Toronto (14:00 GMT) í eftirfarandi tilgangi:

1. að taka við og fara yfir endurskoðaða ársreikninga fyrirtækisins fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2024 ásamt áritun endurskoðenda,
2. að kjósa í stjórn fyrirtækisins til næsta árs,
3. að endurskipa BDO Canada LLP sem endurskoðendur fyrirtækisins til næsta árs og heimila stjórninni að ákveða þóknun endurskoðenda,
4. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja kaupréttarsamninga fyrirtækisins („Stock Option Plan“),
5. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, almenna ályktun um að samþykkja samninga félagsins um skilyrt hlutabréf („Restricted Share Unit Plan“),
6. að fjalla um og, ef tilefni þykir til, að samþykkja, með eða án breytingartillagna, sérstaka ályktun um nafnabreytingu félagsins í „Amaroq Ltd.“ eða annað nafn sem stjórn félagsins ákveður að eigin vild sé viðeigandi,
7. að fjalla um önnur mál sem lögð eru fyrir fundinn með réttum hætti eða sérhverja frestun á afgreiðslu þeirra.

Fundurinn fer fram á ensku og öll fundargögn verða á ensku.

Málum sem fjallað verður um á fundinum er nánar lýst í meðfylgjandi upplýsingabréfi („**upplýsingabréfið**“)¹.

Félagið stendur fyrir fjarfundi hluthafa. **Hluthafar munu ekki geta setið fundinn í eigin persónu.** Þess í stað geta skráðir hluthafar og tilnefndir umboðsaðilar þeirra setið fjarfund og tekið þátt, kosið eða sent inn spurningar yfir netið á þessum tengli: <https://meetnow.global/MV4QMWP>.

Ef þú ert handhafi íslenskra innlánsskírteina sem standa fyrir almenn hlutabréf og eru skráð á Íslandi í gegnum Arion banka hf. getur þú fyllt út umboðseyðublað og skilað því til vörsluaðila þíns á Íslandi eigi síðar en kl. 16:00 GMT **2. júní 2025**, til að gera Arion banka hf. kleift að kjósa samkvæmt fyrirmælum þínum á fundinum.

¹ Tilkytninguna og upplýsingabréfið má finna í heild sinni á ensku á:
<https://www.amaroqminerals.com/investors/annual-general-meeting-2025/>

Óskráðir handhafar (eða raunverulegir eigendur) íslenskra innlánsskírteina sem hafa ekki formlega tilnefnt sig sem fulltrúa með því að senda mætingartilkynningu til vörsluaðila síns á Íslandi geta setið fundinn sem „gestir“ en geta ekki tekið þátt, sent spurningar eða kosið á fundinum.

Ákvörðun um hvaða hluthafar eigi rétt á að fá tilkynningu um og kosningarétt á fundinum, og sérhverri frestun á afgreiðslum hans, miðast við viðskiptadaginn 09. maí 2025 („**viðskiptadagurinn**“). Aðeins hluthafar sem tilgreindir eru í hluthafaskrá í lok viðskipta á viðskiptadegi eiga rétt á að fá tilkynningu um og kosningarétt á fundinum og sérhverri frestun á afgreiðslum hans.

DAGSETT 14. maí 2025

SAMKVÆMT BEIÐNI STJÓRNAR

(undirritað) „*Graham Stewart*“
Graham Stewart
Stjórnarformaður